

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun.

Frá atvinnuveganefnd.

1. Við 4. gr.
 - a. B-liður 1. tölul. orðist svo: gisting, sem hvorki er í eðlilegum tengslum við flutning farþega né til búsetu.
 - b. Í stað orðanna „á skráningarskyldum ökutækjum“ í c-lið 1. tölul. komi: bifreiða og bifhjóla sem krefjast ökuréttinda í A-flokki.
 - c. D-liður 1. tölul. orðist svo: önnur þjónusta við ferðamenn sem ekki er í eðlilegum tengslum við ferðatengda þjónustu skv. a–c-lið.
 - d. Í stað orðanna „einum eða fleiri tegundum ferðatengdrar þjónustu“ í 2. mgr. 2. tölul. komi: annarri þjónustu við ferðamenn.
 - e. Í stað orðanna „ein eða fleiri tegundir ferðatengdrar þjónustu“ í 2. mgr. 5. tölul. komi: önnur þjónusta við ferðamenn.
2. Við 6. gr.
 - a. Orðin „almennar upplýsingar um“ í f-lið 1. mgr. falli brott.
 - b. Orðin „upplýsingar um“ í g- og h-lið 1. mgr. falli brott.
3. Í stað orðanna „á kostnað skipuleggjanda eða smásala“ í 4. mgr. 18. gr. komi: og krafið skipuleggjanda eða smásala um endurgreiðslu nauðsynlegs kostnaðar vegna þess.
4. Í stað orðanna „endurgreiðslu og skaðabóta, sbr. 22. gr.“ í 20. gr. komi: afsláttar og skaðabóta, sbr. 21. og 22. gr.
5. Á eftir orðinu „Skipuleggjandi“ í síðari málslíð 3. mgr. 26. gr. komi: eða smásali.
6. Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 2018“ í fyrri málslíð 35. gr. komi: 1. janúar 2019.
7. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.